

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Haiprex 1 g töflur metenamínhippurat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að taka lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Haiprex og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Haiprex
3. Hvernig nota á Haiprex
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Haiprex
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Haiprex og við hverju það er notað

Haiprex er notað til að koma í veg fyrir þvagfærasýkingar, einkum hjá þeim sem eru með þvaglegg.

Verið getur að læknirinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð. Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

2. Áður en byrjað er að nota Haiprex

Ekki má nota Haiprex

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6)
- ef um er að ræða ofnæmi fyrir formalíni
- ef þú ert með skerta lifrarstarfsemi
- ef þú ert með verulega skerta nýrnastarfsemi
- ef þú ert með nýrnabólgu
- ef um mikinn vökvaskort er að ræða
- ef þú ert með blóðsýringu af völdum efnaskipta
- ef þú ert með þvagsýrugigt
- ef þú notar samhliða súlfalyf (sem eru einnig notuð við þvagfærasýkingum) eða basísk lyf, t.d. kalíumsítrat (notað til að meðhöndla nýrnasteina).

Notkun annarra lyfja samhliða Haiprex

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Dregið getur úr verkun Haiprex ef sýrubindandi lyf eða basísk efni, t.d. kalíumsítrat, eru notuð samhliða.

Lyfið á ekki að nota samtímis súlfalyfjum þar sem kristallar geta myndast í þvagi.

Haiprex getur einnig haft áhrif á ákveðin þvagpróf. Því skal alltaf láta lækinn vita áður en teknar eru þvagprufur ef Haiprex er notað.

Notkun Haiprex með mat eða drykk

Nota má Haiprex með mat og drykk.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað.

Meðganga

Nota má Haiprex á meðgöngu ef lækinn telur það nauðsynlegt.

Brjóstgjöf

Nota má lyfið meðan á brjóstgjöf stendur.

Akstur og notkun véla

Lyfið hefur engin áhrif á akstur og notkun véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

3. Hvernig nota á Haiprex

Notið lyfið alltaf eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum eða lyfjafræðingi.

Ráðlagður skammtur er

Fullorðnir

1 tafla tvisvar til þrisvar sinnum á dag.

Börn 6-12 ára

Hálf tafla tvisvar sinnum á dag.

Börn eldri en 12 ára

1 tafla tvisvar sinnum á dag.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafð pakkninguna meðferðis.

Ekki nota stærri skammta en lækinn hefur ávísað. Einkenni ofskömmunar eru þau sömu og koma fram í kaflanum um aukaverkanir.

Ef gleymist að nota Haiprex

Ef skammtur gleymist skal taka næsta skammt um leið og munað er eftir honum. Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að taka.

Ef hætt er að nota Haiprex

Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Algengar – mjög algengar aukaverkanir (koma fram hjá fleiri en 1 af hverjum 100 sjúklingum):

- Ógleði
- Uppköst
- Útbrot
- Erting í þvagblöðru.

Mjög sjaldgæfar aukaverkanir – koma örsjaldan fyrir (koma fram hjá færri en 1 af hverjum 1.000 sjúklingum):

- Blóð í þvagi. Getur verið alvarlegt eða orðið alvarlegt. Leitið til læknis.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum):

- Niðurgangur, kviðverkir
- Kláði

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Haiprex

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir EXP.

Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Haiprex inniheldur

- Virka innihaldsefnið er metenamínhippurat
- Önnur innihaldsefni eru póvídón, kísilkvoða og magnesíumsterat.

Lýsing á útliti Haiprex og pakkningastærðir

Útlit

Hvítar til kremhvítar, aflangar töflur, merktar HX með deiliskoru á báðum hliðum.

Pakkningastærðir

20 og 100 stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Markaðsleyfishafi

Viartis ApS
Borupvang 1
2750 Ballerup
Danmörk

Framleiðandi

FINE FOODS & PHARMACEUTICALS N.T.M.S.P.A
Via Grignano, 43
240411 Brembate (Bg)
Ítalía

eða

Mylan Hungary Kft/Mylan Hungary Ltd
Mylan utca 1,
Komarom 2900
Ungverjaland

Umboð á Íslandi

Icepharma hf.
Lynghálsi 13
110 Reykjavík

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í janúar 2024.

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is